



Borgarráð

27. ágúst 2026



Reykjavík



Reykjavíkurlugvöllur - Skilgreining nýrra lóða


Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlugvallar vegna skilgreiningu nýrra lóða við Nauthólsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind er ný lóð, Nauthólsvegur 64-66, þar sem flugstjórnarmiðstöðin og spennistöð standa í dag. Auk þess er skilgreind lóð á reit Nauthólsvegar 56-60, Nauthólsvegur 58E. Áður skilgreindir byggingarreitir innan nýrrar lóðar 64-66 haldast óbreyttir og helst heildarbyggingarmagn á reitnum/nýrri lóð óbreytt, bæði ofan- og neðanjarðar. Reitarafmörkun fyrir Nauthólsveg 54 minnkar til samræmis og breytast nýtingarhlutföll vegna breyttra lóða/reitastærða. Á nýrri lóð að Nauthólsvegi nr. 58E verður heimilt að setja upp flugvallarbúnað þ.m.t. mastur allt að 30m hátt, skv. uppdr. T.ark arkitekta, dags. 13. ágúst 2025. Tillagan var í auglýsingu frá 2. október 2025 til og með 13. nóvember 2025. Umsögn barst frá Minjastofnun Íslands, dags. 21. nóvember 2025. Einnig barst ábending frá Veitum, dags. október 2025. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2026. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2026.
Vísað til borgarráðs.



Staðsetning og afmörkun





Meginmarkmið

Í breytingu felst að skilgreindar verða tvær nýjar lóðir innan skipulagssvæðisins. Annars vegar fyrir Nauthólsveg 64-66 undir núverandi flugstjórnarmiðstöð og hinsvegar Nauthólsveg 58E fyrir nýtt mastur til að auðvelda stjórnun flugumferðar.





Umsagnir


Minjastofnun 21. nóvember 2026

Til að Minjastofnun Íslands geti tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar þarf að gera grein fyrir verndarstöðu húsa og mannvirkja á svæðinu í greinargerð skipulagsins og sýna þau með viðeigandi litakóða á skipulagsuppdraettinum. Einnig þarf að leiðrétta húsúmer í samræmi við upplýsingar á borgarvefsjá.

Linkur á umsögn

<https://skipulagsgatt.is/files/9eaae656-750b-4827-ba99-98e5493923b4>

Breytingar á uppdrætti eftir auglýsingu



Gerð er grein fyrir friðlýstum byggingum og hverfisvernd með samræmdum hætti.

Samhliða er skýringarlitur fyrir mastur gerður grænn, til aðgreiningar frá bláum lit friðlýsingar

Skýringar

	DEILISKIPULAGSMÖRK
	LANDAMÖRK Á EIGNARLANDI RÍKIS OG BORGAR, SKV. SAMKOMULAGI UM SKIPULAG OG UPPBYGGINGU Á LANDI RÍKISINS VIÐ SKERJAFJÖRD, DAGS. 1. MARS 2013.
	ÖRYGGISGIRÐING
	NÚV. BYGGINGAR SKV. LUKR
	HEIMILAB NIDURRIF
	REITTAAFMÖRKUN
	LÓÐAAFMÖRKUN
	NÝR BYGGINGARREITUR
	FRAMTÍÐAR MÖRK ÖRYGGISGIRÐINGAR
	MÖRK FLUGÖRYGGISSVÆDIS
	FRIÐLÝST / HVERFISVERND
	FLUGGARÐAR, VÍKJANDI STARFSSEMI
	HÆÐAMÖRK MANNVIRKJA
	LEIÐB. STADS. MASTURS OG TÆKNISKÚRS TIL SKÝRINGAR



Breytingar í greinargerð eftir auglýsingu

- Greinargerð var endurskrifuð til að auka sýrleika, án efnilega breytinga.
- Umfjöllun um friðlýsingu á flugskýli nr 1 er bætt við í greinargerð

Flugskýli 1 var friðlýst af mennta- og menningarmálaráðherra 3. febrúar 2020 samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Friðlýsingin tekur til stálburðargrindar skýlisins og upprunalegra rennuhurða á göflum þess. Undanskildar eru síðari tíma breytingar, þar á meðal viðbyggingar og klæðningar utan- og innanhúss, sem falla ekki undir ákvæði friðlýsingarinnar.

- Auðkennt er í texta greinargerðar greinarmunur á svörtum, rauðum og bláum texta í skilmálatöflu



Niðurstaða

Í kjölfar auglýsingar hefur uppdráttur og greinargerð verið uppfærð.
Lagt er til að tillagan verði samþykkt